

hægt og stöðvar bifreiðina viðstöðulaust, þegar hann er að-
varaður um að eitthvað sé að fara aflaga. Það sem upplýst
er um nánari orsök slyssins bendir til, að það hafi verið
ákærðum með öllu óviðráðanlegt.

Hinsvegar hefir ákærður gerzt sekur við 5. gr. 1. mgr.
laga nr. 70, 1931 um notkun bifreiða með því að stýra bif-
reið án þess að hafa aldur til þess eða ökuskirteini. Þykir
refsing hans fyrir þetta hæfilega ákveðin 75 kr. sekt til
ríkissjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms
þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 4 daga.
Jafnframt greiði ákærður allan kostnað sakarinnar, þar
með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Guð-
mundar Guðmundssonar cand. jur., er ákveðast kr. 50.
Málið hefir verið rekið vítalaut.

Föstudaginn 18. desember 1936.

Nr. 97/1936. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn

Helga Guðmundssyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Maður dæmdur til refsingar og sviptur ökuleyfi
æfilangt fyrir að aka bifreið ölvaður í annað sinn.

Dómur lögregluréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu
26. okt. 1935: Kærði, Helgi Guðmundsson, bifreiðarstjóri,
á Grund í Kolbeinstaðahreppi, greiði 200 — tvö hundruð
— króna sekt í ríkissjóð, og komi einfalt fangelsi í 20
daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4
vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá skal kærði missa ökuskirteini það, er hann hefir,
æfilangt.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu er það sannað með framburðum vitna og viðurkenningu kærða, að hann hafi ekið bifreið ölvaður hinn 4. júní 1935. Með þessu hefir kærður brotið ákvæði 5. gr., 4. mgr., laga um notkun bifreiða, nr. 70/1931, og 21. gr. áfengislaga, nr. 33/1935. Héraðsdómarinn hefir að visu ekki tilkynnt kærða, að mál yrði höfðað gegn honum fyrir brot á öðrum lögum en bifreiðalögunum, en þar sem ekki var um það að villast, að verknaður sá, sem kærða var gefinn að sök, var ölvun við bifreiðarakstur, þykir mega heimfæra brot hans undir nefnd lagaákvæði og ákveða refsingu hans samkvæmt 14. gr. laga nr. 70/1931 og 39. gr. laga nr. 33/1935.

Kærði hefir viðurkennt það í málinu, að hann hafi neytt áfengis umræddan dag í veitingaskála í Borgarnesi. Varðar sá verknaður hans við 17. gr., 1. mgr., nefndra áfengislaga, en eins og mál þetta er höfðað er ekki unnt í því að refsa honum fyrir það brot.

Refsing kærða þykir samkvæmt fyrrnefndum lagagreinum hæfilega ákveðin 100 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi í stað hennar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, 7 daga einfalt fangelsi. Þá ber og að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu öku leyfis æfilangt og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Við meðferð málsins í héraði er það aðfinnsluvert, að kærða er ekki tilkynnt, að mál verði höfð-

að gegn honum fyrir brot á áfengislögunum, að ekki hefir verið aflað hegningarvottorða kærða úr Reykjavík né úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og var þó sérstök ástæða til þess vegna viðurkenningar kærða um fyrri ölvunarbrota, og loks, að ekki hefir verið lagt fram í málinu eftirrit af dómi þeim frá 27. okt. 1926, er um getur í hegningarvottorði kærða úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, en sá dómur hefir ítrekunaráhrif í þessu máli.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Helgi Guðmundsson, sæti 100 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuleyfis og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Helga Guðmundssyni, bifreiðarstjóra, á Grund í Kolbeinsstaðahreppi, fyrir brot á 5. gr. bifreiðarlaganna nr. 70 frá 1931.

Málavextir eru á þessa leið. Með kæru dags. 12. júní þ. á., kærði Ólafur Sigurðsson frá Kletti í Borgarnesi yfir því, að kærði hefði hinn 4. s. m. keyrt bifreið frá Borgarnesi undir áhrifum vins, svo mikið var áberandi. Við réttarrannsókn útaf kæru þessari 26. júní s. l. viðurkenndi kærði, að hann hefði keyrt bifreið sína undir áhrifum vins, frá Borgarnesi að Grund í Kolbeinsstaðahreppi 4. júní s. l. Kveðst hann hafa í Borgarnesi hitt Adolf Guðmundsson frá Reykjavík, og hann boðið honum áfengi. Segir hann, að þeir hafi á ca. einni klukkustund drukkið saman vel hálfa flösku af brennivíni, er þeir heltu út í öl, og kveðst hann hafa orðið vel hreyfur af þessu, og reynt að útvega sér meira áfengi en eigi tekizt það. Þá voru leiddir í réttinum sem vitni tveir af farþegum þeim, er kærði flutti frá Borgarnesi umræddan dag, þau: Guðmundur Jóhannsson bóndi í Syðstu-Görðum og Júlía Júlíusdóttir frá Ytri-Skógum, og báru þau bæði það, að þau hefðu orðið þess vör, að Helgi hefði verið undir áhrifum vins við keyrsluna.

Í réttarhaldinu var ökuskirteini kærðs tekið af honum.

Kærður, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, hefir 27. okt. 1926 verið dæmdur í lögreglurétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu í 100 kr. sekt og til að missa ökuskirteini sitt í 6 mánuði fyrir brot á bifreiðalögunum (fyrir að hafa keyrt bifreið ölvaður).

Framangreint brot kærða varðar við 5. gr. sbr. 14. gr. laga um notkun bifreiða nr. 70 frá 8. sept. 1931, og þykir refsing hans, með tilliti til þess, að hann hefir áður sætt refsingu fyrir samskonar afbrot, hæfilega ákveðin 200 kr. sekt og missir ökuskirteinis æfilangt.

Kærði greiði allan kostnað málsins.
